

Nd.

197. Breytingartillögur

[7. mál]

við frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálaráðherra.

1. 8. gr. orðist svo:

Lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til rekstrar almenningsbókasafna skulu vera sem hér segir:

- a. Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins.
- b. Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
- c. Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður þar sem safnið er 1300 kr. á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
- d. Til hreppsbókasafns greiðir viðkomandi hreppssjóður (hreppssjóðir) 1000 kr. á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

Þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaganna skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu skv. útreikningum Hagstofu Íslands.

2. 9. gr. falli niður.

3. 10. gr. orðist svo:

Sveitarfélög skulu reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin.

Leita skal samþykkis menntamálaráðuneytis um bókhlöðuteikningar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

4. 11. gr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með almenningsbókasöfnum. Sérstakur starfsmaður í ráðuneyti annast málefni safnanna, safnar skýrslum um starfsemi þeirra, leggur á ráð um samstarf og sameign skólabókasafna og almenningsbókasafna o. s. frv., samkvæmt nánari ákvæðum í erindisbréfi. Til ráðgjafar um málefni safnanna skulu vera tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hinn af Bókavarðafélagi Íslands.